

## Fundargerð 23. fundar stjórnar SSÍ 2015-2017 þriðjudaginn 14. febrúar 2017

**Mættir:** Hörður J. Oddfríðarson formaður, Hlín Ástþórsdóttir varaformaður, Bjarney Guðbjörnsdóttir ritari, Elsa Guðmundsdóttir, Ingibjörg Kristinsdóttir, Ragnar Marteinnsson og Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri,  
**Í leyfi:** Lóa Birna Birgisdóttir, Jónas Tryggvason og Emil Örn Harðarson mótastjóri  
**Afboða, mæta ekki:** Eva Hannesdóttir, Pétur Einarsson, Richard Kristinnsson og Jacky Pellerin

**Fundur settur kl. 19:10**

### 1. Fundargerðir og skýrslur

- a. Fundargerð dómara nefndar nr. 65 dags. 28.11.2016
- b. Fundargerð dómara nefndar nr. 66 dags. 30.01.2017

*Staðfest. Stjórn SSÍ áréttar að kostnaður við dómara erlendis 2016 var mjög mikill og nauðsynlegt að endanleg ákvörðun um þátttöku dómara á mótum erlendis verði sett í samræmi við fjárhagsáætlun SSÍ á hverjum tíma.*

- c. 1. Verkefnafundur 06.01.2017
- d. 2. Verkefnafundur 21.01.2017

*Staðfest*

### 2. Félagaskipti

Nafn:	Fyrri félag:	Nýtt félag:	dags. mótt.	Tekur gildi
Alexander Logi Jónsson	Sundfélag Akraness	ÍRB	13.01.2017	12.02.2017
Róbert Andri Pálmason	Sd Ármanns	Sd Breiðabliks	24.01.2017	23.02.2017
Andri Þór Tinnuson	Sundfélag Akraness	Sd Fjölnis	06.02.2017	07.03.2017
Auður Elsa Kristjánsdóttir	Sundfélag Akraness	Sd Fjölnis	06.02.2017	07.03.2017
Kolbeinn Tumi Kristjánsson	Sundfélag Akraness	Sd Fjölnis	06.02.2017	07.03.2017

### 3. Staðfesting meta

#### 50 metra laug

**Meyja**

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
100m bringusund	Eva Margrét Falsdóttir	ÍRB	01:22,93	29.01.2017	Reykjavík

### 4. Aðsend bréf

Dags	Efni	Sendandi
09.02.2017	Ósk um leiðréttingu vegna þjónustugjalda Formanni og framkvæmdastjóra falið að ganga frá málum við Sd Þróttar í Neskaupstað í samræmi við umræður á stjórnarfundum	Sd Þróttar/smg
13.02.2017	Kvörtun um óviðeigandi framgöngu dómara á móti Erindið sent Aga- og siðanefnd SSÍ til afgreiðslu auk þess sem dómara nefnd SSÍ verður upplýst um efni þess	FA/fa

### 5. Málþing SSÍ (World Café) 25. febrúar 2017

- a. Staðsetning og tími
  - i. Salir KSÍ í Laugardal 13:00 – 16:00

*Staðfest*

- b. Þátttakendur
  - i. Allir sem hafa áhuga á framgöngu sundíþróttar á Íslandi

*Staðfest*

- c. Fyrirkomulag
  - i. Svokallað World Café fyrirkomulag þar sem borðstjórar halda saman því efni sem verður til á hverju borði og skila samantekt til stjórnar SSÍ
  - ii. Á hverju borði verður rætt um gildi sundfjölskyldunar á Íslandi og framtíð
  - iii. Farnar verða nokkrar umferðir þar til tryggt er að allir hafi tekið þátt í hverju umræðuefni fyrir sig
  - iv. Send verður könnun út í hreyfinguna í aðdraganda, sem vonandi nýtist í byrjun málþingsins.

*Staðfest*

- d. Veitingar
  - i. Framkvæmdastjóri fær veitingar frá Café Easy

**Fundargerð 23. fundar stjórnar SSÍ 2015-2017**  
**Þriðjudaginn 14. febrúar 2017**

---

*Staðfest*

- e. Hvernig verður farið með niðurstöður
  - i. Meginefnið verður uppistaða í Stefnu SSÍ til framtíðar
  - ii. Stjórn SSÍ útbýr það sem þarf í tillögur til að leggja fyrir sundþing

*Staðfest*

**6. Sundþing 24. – 25. mars 2017**

- a. Staðsetning
  - i. Efstaleiti 7 í Reykjavík (hús SÁÁ)
  - ii. Framkvæmdastjóri leitar til Café Easy með veitingar

*Staðfest*

- b. Dagskrá
  - i. Í samræmi við lög SSÍ

**Föstudagur 24/3 kl. 17:00 – 19:00**

1. Þingsetning – ávörp gesta
2. Kjör kjörbréfanefndar
3. Kjörnir þingforseti/ar og þingritari/ar
4. Tillaga um heiðursviðurkenningar SSÍ afgreidd
5. Niðurstaða kjörbréfanefndar kynnt
6. Kosning starfsnefnda þingsins
  - a) Fjárhagsnefnd
  - b) Laga- og leikreglnanefnd
  - c) Allsherjarnefnd
  - d) Aðrar nefndir, ef þörf krefur
7. Skýrsla stjórnar
8. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram
9. Umræður um skýrslu stjórnar, starfsnefnda og reikninga
10. Afgreiðsla reikninga
11. Tillögur sem lagðar eru fyrir þingið samkvæmt fundarboði - kynntar og vísað til nefnda
12. Tillaga stjórnar um fjárhæð og fyrirkomulag þjónustugjalda

**Föstudagur 24/3 kl. 19:00 – 19:30 Veitingar**

**Föstudagur 24/3 kl. 19:30 – 21:30**

13. Nefndastörf

**Laugardagur 25/3 kl. 08:30 – 09:00 Morgunmatur**

**Laugardagur 25/3 kl. 09:00 – 10:00**

13. Nefndastörfum haldið áfram eftir þörfum

**Laugardagur 25/3 kl. 10:00 – 12:00**

14. Fjárhagsáætlun – afgreiðsla
15. Afgreiðsla lagabreytingatillagna
16. Afgreiðsla annarra tillagna frá starfsnefndum

**Laugardagur 25/3 kl. 12:00 – 13:00 Hátíðarhádegisverður, heiðursviðurkenningar afhentar**

**Laugardagur 25/3 kl. 13:00 – 14:00**

17. Kosningar
  - a) Kosning formanns til fjögurra ára á næsta sundþingi eftir Ólympíuleika
  - b) Kosning fjögurra stjórnarmanna á sundþingum sem haldin eru á oddatöluári til fjögurra ára
  - c) Kosning tveggja varamanna til næsta sundþings
  - d) Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga til næsta sundþings

**Laugardagur 25/3 kl. 14:00 – 15:00**

18. Önnur mál
19. Þingslit kl. 15:00

*Staðfest*

- c. Fulltrúar á sundþingi
  - i. Á sundþingi eiga sæti samtals 182 fulltrúar sem skiptast þannig:
    1. 25 fulltrúar héraðssambanda og íþróttabandalaga (1 frá hverju)

## Fundargerð 23. fundar stjórnar SSÍ 2015-2017 þriðjudaginn 14. febrúar 2017

---

2. 157 fulltrúar félaga vegna iðkendafjölda (2 fulltrúar fyrir fyrstu 30 iðkendur og 1 fyrir hverja 30 eða brot úr þeirri tölu eftir það)
3. 19 fulltrúar félaga vegna keppenda (1 fulltrúi fyrir hverja 50 keppendur eða brot úr þeirri tölu)

Framkvæmdastjóri sendir félögum og héraðssamböndum/íþróttabandalögum tilkynningu um fjölda hvers aðila fyrir sig og óskar eftir nafnalista frá þessum aðilum ekki síðar en tveimur vikum fyrir sundþing. Félag þarf að hafa gert upp þjónustugjöld fyrir árið 2016 til að öðlast þátttökurétt á Sundþing.

### *Staðfest*

- d. Gestir á sundþingi (tillaga formanns SSÍ)
  - i. Stjórn SSÍ felur formanni að bjóða til sundþings forseta ÍSÍ og öðrum frá ÍSÍ sem hæfa þykir.
  - ii. Þá felur stjórn SSÍ formanni að bjóða sundfólki í afrekshópum félaga til sundþings með málfrelsi og tillögurétt.
  - iii. Einnig felur stjórn SSÍ formanni að hafa samband við þá einstaklinga sem hljóta eiga heiðursviðurkenningar og bjóða þeim til hátíðarhádegisverðar á laugardeginum 25/3.
  - iv. Stjórn SSÍ felur formanni að bjóða menna- og menningarmálaráðherra og borgarstjóra að ávarpa þingið við upphaf þess.

### *Staðfest*

- e. Heiðursviðurkenningar
  - i. Formanni og framkvæmdastjóra falið að safna saman tilnefningum um heiðursviðurkenningar og stjórn mun afgreiða þær á næsta fundi sínum

### *Staðfest*

- f. Lagabreytingar
  - i. Formanni falið að móta tillögu um breytingu á lögum SSÍ
    1. Á tíundu grein laga til að tilgreina þar framboðsfrest í stjórn SSÍStjórn mun afgreiða tillöguna rafrænt áður en hún verður send til félaga í kynningarferli

### *Staðfest*

- g. Aðrar tillögur
  - i. Stefna SSÍ
  - ii. Fjárhagsáætlun SSÍ til tveggja ára
  - iii. Skýrsla stjórnar
  - iv. Reikningar sambandsins

### *Staðfest*

- h. Annar undirbúningur

## **7. Önnur mál**

- a. Fundur landsliðsnefndar
  - i. Framkvæmdastjóri segir frá fundi nefndarinnar sem fram fór í dag
- b. Samningar sundfólks í verkefnum
  - i. Verða sendir til stjórnarfólks og afgreiddir rafrænt innan stjórnar

### *Staðfest*

- c. Heimsókn á Vestfirði
  - i. Formaður leggur til að farið verði í heimsókn til Ísafjarðar og Bolungarvíkur í tilefni af afmælum sundlauganna á þessum stöðum. Markmið heimsóknanna væri að fá bæjarstjórnir þessara tveggja staða til samræðu um raunverulega áætlun um uppbyggingu á sundíþróttastöðu í sveitarfélögunum. Einnig munu einstaklingar sem hafa reynst sundíþróttum á Vestfjörðum sérstaklega vel, heiðraðir.

### *Staðfest*